

Svöðusárabindi, sæfð	nr. 14	2 stk.
Sárahlífur	7.5 × 7.5 cm	2 stk.
Sárahlífur	10 × 10 cm	2 stk.
Teygjubindi	8 cm × 5 m	1 stk.
Fíðrildisplástur (til lokunar á skurðum)		10 stk.

C. ÁHÖLD:

Skæri, bein, ydd/sljó, úr ryðfríu stáli		1 stk.
Flísatöng		1 stk.
Slagæðaband		1 stk.
Lásnælur, ryðfríar		12 stk.

Stutt leiðsögn í hjálp í viðlögum.**1. Meðferð svöðusára.**

Blætt getur úr sárum og ígerð komið í þau. Oftast má stöðva blæðingu úr sárum með því að þrýsta þeim saman. Ef sár er á útlimum, má stöðva blæðingu með því að lyfta limnum eða þrýsta á slagæð. Leggið á sárið svöðusárabindi nr. 14 eða 15 (Standard Dressing nr. 14 eða 15). Festið bindi með grisjubindi úr umbúðarbögglinum. Herðið á grisjubindinu, ef sárið blæðir. Hersluna má auka með því að skjóta litlum hlut úr málm, eldspýnastokk eða öðru, sem handbært er, undir grisjubindið. Látið umbúðirnar óhreyfðar, ef þær herða ekki um of að sárinu. Forðist að hreyfa þann líkamshluta, þar sem sárið er.

Hinn slasaði getur fengið lost. Grábleikur hörundslitur, kalt og þvalt hörund, þurrar varir og harður hjartsláttur eru einkenni um lost. Beri þetta við skal lækka undir höfði hins slasaða og vefja hann ábreiðum. Hinum slasaða má gefa vatn í litlu magni með nokkru millibili. Ef mikið vatn er gefið, er hætt við uppköstum.

2. Meðferð brunasára.

Sár eru klædd sem áður segir. Grisjubindið á að liggja þétt um svöðusárabindið, en má þó ekki herða að sárinu. Hinn slasaði liggja kyrr, ef sár hans eru mikil. Gefið honum vatn að drekka, en þó með varúð.

3. Meðferð beinbrota.

Forðast skal að hreyfa þann líkamshluta, þar sem brotið er. Þetta á eins við, ef sterkur grunur leikur á því, að bein hafi brotnað. Brotinn handlegg á að vefja með bindi. Brotinn fótlegg á að binda með bindi við hinn legginn.

AUGLÝSING**um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19. 21. maí 1964 hefur ráðuneytið í dag staðfest þá breytingu á staðgreinireit nr. 1.460.2 að hluti hans verði þjónustusvæði í stað útivistarsvæðis.

Félagsmálaráðuneytið, 11. maí 1983.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.